

Anna Dóra Jónsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: miðvikudagur, 19. janúar 2022 10:40
To: Anna Dóra Jónsdóttir
Subject: FW: Aðgengisfulltrúar sveitarfélaga og fjárstuðningur til úrbóta í aðgengismálum
Attachments: Samkomulag um samstarf um hvatningu til sveitarfela að bæta aðgengismál fatlaðra.pdf

SF_258 tölvupóstur og viðhengi

From: Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Sent: miðvikudagur, 19. janúar 2022 10:13
To: Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>
Subject: Aðgengisfulltrúar sveitarfélaga og fjárstuðningur til úrbóta í aðgengismálum

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Þann 7. maí 2021 var undirrituð meðfylgjandi samstarfsyfirlýsing sambandsins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, félags- og barnamálaráðuneytis og Öryrkjabandalags Íslands, um átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks (A3).

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga veitir fjárframlög til að styðja við þetta átak, sjá [hér](#).

Í yfirlýsingunni er kveðið á um að Öryrkjabandalag Íslands muni ráða tímabundið sérstakan verkefnisstjóra sem verði í samskiptum við sveitarfélög vegna átaksins og til að miðla upplýsingum um það. Hann á að vinna í samstarfi við **aðgengisfulltrúa sveitarfélaga** að verkefnum sem falla undir styrkveitingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðstoða einnig við gerð umsókna sé þess óskað.

Guðjón Sigurðsson sinnir þessari verkefnisstjórn fyrir ÖBÍ, en netfang hans er gudjon@obi.is og síminn 8237270.

Guðjón hefur verið í sambandi við sveitarfélög og hvatt þau til að skipa aðgengisfulltrúa. Eftirfarandi sveitarfélög hafa gert það skv. upplýsingum frá Guðjóni:


- Akraneskaupstaður
- Akrahreppur
- Árneshreppur
- Borgarbyggð
- Fjarðabyggð
- Flóahreppur
- Garðabær

- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Húnavatnshreppur
- Kaldrananeshreppur
- Kjósarhreppur
- Múlaþing
- Mýrdalshreppur
- Reykjanesbær
- Snæfellsbær
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Ölfus
- Vestmannaeyjabær

Fyrir það er hér þakkað, en betur má ef duga skal. Með þessu erindi hvetur sambandið þau sveitarfélög sem hafa ekki enn skipað aðgengisfulltrúa að gera það sem fyrst og senda Guðjóni upplýsingar um þá sem fyrir valinu verða.

Ég hvet sveitarfélög einnig til að nýta þetta tækifæri til að fá fjárstuðning til þessara mikilvægu verkefna og gera allt sem að í þeirra valdi stendur til að koma þessu fjármagni í vinnu öllum til heilla. Alls verða um 700 m.kr. varið í úrbætur í aðgengismálum á tímabili átaksins til loka árs 2022.

Með bestu kveðju,
Karl Bj.



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



SAMSTARFSYFIRLÝSING

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, félagsmálaráðuneyti, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalag Íslands gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarf. Um er að ræða áttak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 til 2021. Mikilvægt er að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra og sveitarfélögin á Íslandi gegna lykilhlutverki við að ná því markmiði.

Fyrir liggur m.a.:

- Að skv. aðgerð A.3 í framkvæmdaráætlun skal hvetja til þess að opinberir aðilar skipi aðgengisfulltrúa og að hlutverk þeirra verði að sjá til þess að gerðar séu úttektir á aðgengi, þ.e. á þjónustu og starfsemi viðkomandi aðila í viðum skilningi. Leiði úttekt í ljós að úrbóta sé þörf hlutist aðgengisfulltrúi til um að gerðar séu tímasettar áætlanir um úrbætur.
- Að skv. aðgerð A.6 í framkvæmdaráætlun ber að vinna að því að leið fatlaðs fólks verði greiðari á milli staða dagsdaglega. Það verði gert m.a. með því að bæta aðgengi að biðskýlum og almenningssvögnum, á biðstöðvum sjáist skýrt hvenær næsta vagns er von, í vögnum verði afmörkuð svæði fyrir hjólastóla o.fl. Þá verði áætlunarleiðir milli landshluta aðgengilegar fötluðu fólki með sama hætti og almenningssamgöngur innan sveitarfélaga.
- Samkvæmt nýrri reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er stuðningur til sveitarfélaga vegna úrbóta sem gerðar eru í aðgengismálum fatlaðs fólks stóraukinn. Sérstaklega er kveðið á um að Fasteignasjóði sé heimilt, á árunum 2021 og 2022, að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög til:
 - Úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
 - Úrbóta þannig að biðstöðvar almenningssamgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
 - Úrbóta sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Aðilar eru sammála um að mikilvægt er að fylgja þeim úrbótatækifærum og markmiðum vel eftir sem framkvæmdaráætlun skilgreinir á sviði aðgengismála og tryggja jafnframt að sveitarfélög séu bæði upplýst um og nýti sér eftir atvikum jafnframt þann stuðning sem stendur til boða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á komandi misserum.

Fyrirkomulag samstarfsins er með eftirfarandi hætti:

- Samstarfsteymi skipað fulltrúum allra aðila verði komið á fót til að annast samskipti, miðla upplýsingum og meta árangur áttaksins. Þá mun teymið einnig fjalla um einstök verkefni sem unnin eru innan ramma opinberra aðgerða- og framkvæmdaáætlana og varða aðgengi í viðum skilningi.



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS


- Félagsmálaráðuneytið mun fylgja eftir fyrrgreindri aðgerð A.3 m.a. með aðkomu að verkefni sem þróað er í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga og snýr að ráðningu námsmanna til sumarstarfa 2021 (og eftir atvikum 2022). Þeir sem ráðnir verða er ætlað að vinna að aðgengismálum hjá sveitarfélögum. Áherslan í þessu verkefni er fyrst og fremst á manggert umhverfi.
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun vinna sérstaka upplýsingagátt þar sem finna má leiðbeiningar og umsóknareyðublöð fyrir styrki.
- Samband íslenskra sveitarfélaga mun vekja athygli sveitarfélaga á áttakinu og þeim möguleikum sem standa til boða í tengslum við framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Öryrkjabandalag Íslands mun, með stuðningi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ráða tímabundið sérstakan verkefnisstjóra sem:
 - verður í samskiptum við sveitarfélög vegna átaksins og miðlar upplýsingum til þeirra eins og við á.
 - vinnur eftir atvikum að mótun tillagna í samstarfi við aðgengisfulltrúa og aðra sem ráðnir eru til þess að sinna aðgengismálum einstakra sveitarfélaga um verkefni sem gætu verið vel til þess fallin að falla undir styrkveitingu Jöfnunarsjóðs, og komi jafnframt að gerð umsókna.

Tímabil verkefnisins er frá 22. maí 2021 til 31. desember 2022. Við lok þess verði árangur metinn og ákvörðun tekin um frekara samstarf á þessu sviði.


Reykjavík, 7. maí 2021

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Formaður


Framkvæmdastjóri

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Félags- og barnamálaráðherra



F.h. Öryrkjabandalags Íslands





SAMSTARFSYFIRLÝSING

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, félagsmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalag Íslands gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarf. Um er að ræða áttak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 til 2021. Mikilvægt er að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra og sveitarfélögin á Íslandi gegna lykilhlutverki við að ná því markmiði.

Fyrir liggur m.a.:

- Að skv. aðgerð A.3 í framkvæmdaráætlun skal hvetja til þess að opinberir aðilar skipi aðgengisfulltrúa og að hlutverk þeirra verði að sjá til þess að gerðar séu úttektir á aðgengi, þ.e. á þjónustu og starfsemi viðkomandi aðila í viðum skilningi. Leiði úttekt í ljós að úrbóta sé þörf hlutist aðgengisfulltrúi til um að gerðar séu tímasettar áætlanir um úrbætur.
- Að skv. aðgerð A.6 í framkvæmdaráætlun ber að vinna að því að leið fatlaðs fólks verði greiðari á milli staða dagsdaglega. Það verði gert m.a. með því að bæta aðgengi að biðskýlum og almenningsvögnum, á biðstöðvum sjáist skýrt hvenær næsta vagns er von, í vögnum verði afmörkuð svæði fyrir hjólastóla o.fl. Þá verði áætlunarleiðir milli landshluta aðgengilegar fötluðu fólki með sama hætti og almenningsgangur innan sveitarfélaga.
- Samkvæmt nýrri reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er stuðningur til sveitarfélaga vegna úrbóta sem gerðar eru í aðgengismálum fatlaðs fólks stórukinn. Sérstaklega er kveðið á um að Fasteignasjóði sé heimilt, á árunum 2021 og 2022, að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög til:
 - Úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
 - Úrbóta þannig að biðstöðvar almenningsgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
 - Úrbóta sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Aðilar eru sammála um að mikilvægt er að fylgja þeim úrbótatækifærum og markmiðum vel eftir sem framkvæmdaráætlun skilgreinir á sviði aðgengismála og tryggja jafnframt að sveitarfélög séu bæði upplýst um og nýti sér eftir atvikum jafnframt þann stuðning sem stendur til boða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á komandi misserum.

Fyrirkomulag samstarfsins er með eftirfarandi hætti:

- Samstarfsteymi skipað fulltrúum allra aðila verði komið á fót til að annast samskipti, miðla upplýsingum og meta árangur átaksins. Þá mun teymið einnig fjalla um einstök verkefni sem unnin eru innan ramma opinberra aðgerða- og framkvæmdaáætlana og varða aðgengi í viðum skilningi.



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS


- Félagsmálaráðuneytið mun fylgja eftir fyrrgreindri aðgerð A.3 m.a. með aðkomu að verkefni sem þróað er í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga og snýr að ráðningu námsmanna til sumarstarfa 2021 (og eftir atvikum 2022). Þeir sem ráðnir verða er ætlað að vinna að aðgengismálum hjá sveitarfélögum. Áherslan í þessu verkefni er fyrst og fremst á manggert umhverfi.
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun vinna sérstaka upplýsingagátt þar sem finna má leiðbeiningar og umsóknareyðublöð fyrir styrki.
- Samband íslenskra sveitarfélaga mun vekja athygli sveitarfélaga á áttakinu og þeim möguleikum sem standa til boða í tengslum við framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Öryrkjabandalag Íslands mun, með stuðningi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ráða tímabundið sérstakan verkefnisstjóra sem:
 - verður í samskiptum við sveitarfélög vegna átaksins og miðlar upplýsingum til þeirra eins og við á.
 - vinnur eftir atvikum að mótun tillagna í samstarfi við aðgengisfulltrúa og aðra sem ráðnir eru til þess að sinna aðgengismálum einstakra sveitarfélaga um verkefni sem gætu verið vel til þess fallin að falla undir styrkveitingu Jöfnunarsjóðs, og komi jafnframt að gerð umsókna.

Tímabil verkefnisins er frá 22. maí 2021 til 31. desember 2022. Við lok þess verði árangur metinn og ákvörðun tekin um frekara samstarf á þessu sviði.


Reykjavík, 7. maí 2021

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Formaður


Framkvæmdastjóri

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Félags- og barnamálaráðherra



F.h. Öryrkjabandalags Íslands

